

6. bekkur stærðfræði

Kennarar: Björn Lúðvíksson; Lára Thors

Lýsing

Tungumál og verkfræði stærðfræðinnar er notað við stærðfræðileg viðfangsefni, fjölbreytt vinnubrögð þjálfuð við beitingu stærðfræðilegra viðfangsefna; tölur og talnareikning, algebru, rúmfræði og mælingar og tölfræði, og líkindi. Í stærðfræði eru unnið eftir hæfnimarkmiðum Aðalnámskrár frá 2013.

Markmið

Markmið með stærðfræðikennslu eru meðal annars að nemendur öðlist hæfni til að nota stærðfræði sem verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Noti tungumál stærðfræðinnar við lausnir margvíslegra dæma og verkefna.

Námsefni

Stika 2a og 2b grunn- og æfingarbók ásamt verkefnum frá kennara.

Kennsluaðferðir

Innlagnir, verkefni, einstaklings- og hópavinna

Námsmat

Símat á verkefnum, virkni og skilningur, frágangur og uppsetning vinnubókar.

Stærðfræði fyrir 5.-7. bekk

- **Hæfnieinkunn (A-D)**

Stærðfræði fyrir 5.-7. bekk - Að geta spurt og svarað með stærðfræði

- Spurt, tjáð sig munnlega og skriflega um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði og hefur innsýn í hvers konar svara má vænta.
- Leyst stærðfræðiþrautir umviðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu.
- Sett fram, meðhöndlað, túlkað og greint einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.

Stærðfræði fyrir 5.-7. bekk - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

- Valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.
- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið breytur og einfaldar formúlur, túlkað milli táknmáls og daglegs máls.

Stærðfræði fyrir 5.-7. bekk - Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

- Lesið einfaldan, fræðilegan texta og notað upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir.
- Þekki helstu hugtök um fjármál og geti tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga, vinna úr þeim og finna lausn.

Stærðfræði fyrir 5.-7. bekk - Tölur og reikningur

- Notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman.
- Reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með ræðum tölum.
- Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.
- Notað tugakerfisrithátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi.
- Skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu.

Stærðfræði fyrir 5.-7. bekk - Algebra

- Notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum.

Stærðfræði fyrir 5.-7. bekk - Rúmfræði og mælingar

- Notað hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að útskýra hversdagsleg og fræðileg fyrirbrigði.
- Áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum.
- Tengt tölur og útreikninga við flatarmyndir og þrívíða hluti.
- Rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.

Stærðfræði fyrir 5.-7. bekk - Tölfræði og líkindi

- Safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau, m.a. með töflum og myndritum.
- Dregið ályktanir um líkur út frá eigin tilraunum og borið saman við fræðilegar líkur.
- Gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim.